



Reykjavík, 15. ágúst 2023
USK22100051

Umhverfis- og skipulagsráð
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Umsögn um tillögu fulltrúa Vinstri Grænna um frestun á ráðningu framkvæmdarstjóra Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 12. október 2022 var lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Vinstri Grænna, sbr. 20. liður fundargerðar umhverfis og skipulagsráðs, fundur nr. 244.

Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir að fresta ráðningu framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) og skoða kosti þess að sameina HER við önnur heilbrigðiseftirlit á höfuðborgarsvæðinu (HEF) og jafnvel á Suðurnesjum.

Tillögunni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs.

Umsögn:

Starf framkvæmdarstjóra Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) var auglýst 1. október 2022. Eftir umsóknarferli var Tómas Guðberg Gíslason metinn hæfastur umsækjenda og hóf hann störf 20. febrúar 2023.

Á fundi heilbrigðisnefndar Reykjavíkur þann 8. júní s.l. var samþykkt tillaga þess efnis að farið yrði í viðræður við Heilbrigðiseftirlit Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness (HEF) með það að markmiði að kanna kosti sameiningar HER við önnur heilbrigðiseftirlit á höfuðborgarsvæðinu. Í samræmi við tillögu heilbrigðisnefndar samþykkti borgarráð þann 22. júní að farið yrði í formlegar viðræður við HEF, sbr. 4. liður fundargerðar borgarráðs, fundur nr. 5708.

Í ljósi ofangreinds er mælt með því að tillögunni verði vísað frá.

F. h. umhverfis- og skipulagssviðs

Snædís Karlsdóttir Bergmann
Umhverfis- og skipulagssvið